Bekkur: 7.bekkur

Námsgrein: Enska

Lykilhæfni: Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Menningarlæsi: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.
Námshæfni: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit

Efnisþættir	**Hæfniviðmið**	**Kennsluhættir**	**Námsmat**
• Hlustun og áhorf	• Nemandi geti - Skilið talað mál um efni er varðar áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega -Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu -Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum	• Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu	• Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á/ (Mentor A-B+-B-C+-C-D)

	við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum -Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá -Beitt sjálfsmati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara		
Lestur og lesskilningur	Nemandi geti: -Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu -Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dag-blaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum -Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf	• Lestur í lestextum/heftum og verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum • Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning • Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni	• Lesskilningspróf/kannanir

	-Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks -Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram		
Ritun -málnotkun -málfræði	Nemandi geti: -Skrifað samfeldan texta um efni sem hann þekkir og beitt grunnreglum málfræði (m.a. tíðir, fornöfn, tilvisunarsetningar, lýsingarorð og atviksorð…) - Stafsett rétt orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki (m.a. algengar samtengingar)	• Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni, bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni	• Skil á ritunarverkefnum. • Hefti/glósubók skoðuð reglulega

	-Skrifað texta af mismunandi gerðum og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda -Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín (skapandi ritun) - Gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt ritunaraðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf -Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.		
Frásögn og samskipti	Nemandi geti: -Tjáð sig um það sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar orðaval -Sagt frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum greint frá og lýst atburðum	• Nemendur tjá sig munnlega á mjög einfaldan hátt bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni • Nemendur tekur virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýnir tillitsemi	• Skil á kynningarverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum • og mismunandi samskiptisverkefnum

	-Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni -Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði af nokkru öryggi -Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi og kurteisi - Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni		